

Heiti áfanga: Stríð og friður: Saga 20. aldar

Áfanganúmer: SAGA3TÖ05

Prep: 3

Fyrir hvaða bekk: Val hjá 3.N og 3.F

Aðili sem kynnir áfanga: Sigurður Pétursson

Lýsing: Saga 20. aldar

Í þessum áfanga er 20. öldin til umfjöllunar, einkum tímabilið eftir 1930. Tuttugasta öldin er stundum nefnd Öld öfganna. Lögð er áhersla á skilning og greiningu á sögulegum atburðum og þróun, svo sem aðdraganda og eftirmál seinni heimsstyrjaldar, kalda stríðið, Víetnam-stríðið, samrunaþróun Evrópu og Evrópusambandið, hrun Sovétríkjanna og fylgiríkja þess, uppkomu nýrra þjóðernishreyfinga og alþjóðavæðingu. Fjölbreytni í vali efnispátta, úrvinnslu og námsmati. Vönduð heimildavinna og ritgerðasmíð er í forgrunni.

Forkröfur: SAGA1FR05 og SAGA2MN05 (Saga á fyrsta ári)

Námsmat: Framsögur, ritgerð og hlutapróf.